

Sérstakir skilmálar fyrir tímabundnar iðgjaldsfríar starfsörorkubætur innan ramma Barnaskírteinis Klassik og Barnaskírteinis Invest E 156

Ágæti viðskiptavinur.

Eftirfarandi skilmálar eru viðbót við Almennu tryggingarskilmálana fyrir ellilífeyrisþáttinn. Í þeim eru upplýsingar um reglur þær sem gilda um ofangreindar starfsörorkubætur.

Þessar tímabundnu iðgjaldsfríu starfsörorkubætur eru ekki tryggingarþáttur í skilningi Almennu tryggingarskilmálanna.

Með kveðju,
Allianz Lebensversicherungs-AG

Efnisyfirlit:

A Sérstakir skilmálar

§ 1 Hvað er tryggt?

§ 2 Hvað er starfsörorka í skilningi þessara skilmála?

§ 3 Í hvaða tilvikum er tryggingarvernd útilokuð?

§ 4 Hvaða samstarfsskyldur skal uppfylla þegar krafist er bóta vegna starfsörorku?

§ 5 Hvenær gefum við út yfirlýsingu um bótaskyldu okkar?

§ 6 Hvað gildir um eftirlit með starfsörorku?

§ 7 Hvað gildir ef brotið er gegn samstarfsskyldum eftir byrjun starfsörorku?

§ 8 Hvað gildir um iðgjaldsundanþágu?

§ 9 Hvað gildir þegar tryggingin rennur út?

A Sérstakir skilmálar

§ 1 Hvað er tryggt?

(1) Ef hinn tryggði hlýtur að minnsta kosti 50% starfsörorku á iðgjaldsgreiðslutímanum innan fyrstu 3 mánaðanna eftir að hann hefur hafið starf í fyrsta sinn, greiðum við mánaðarlegar starfsörorkubætur sem nema 250. EUR. Við greiðum mánaðarlega lífeyrinn á fyrsta virka bankadegi mánaðarins hverju sinni.

Ef þú tilkynnir okkur skriflega innan þriggja mánaða að hinn tryggði hafi í fyrsta sinn hafið starf, lengist tryggingarverndin úr tímabundnu iðgjaldsfríu starfsörorkubótunum í samtals 6 mánuði.

Við greiðum tryggingarbæturnar úr þessum þætti svo lengi sem hinn tryggði lifir en þó ekki lengur en til loka 55. æviárs. Við greiðum engar tryggingarbætur úr þessum þætti ef starfsörorkan fer niður fyrir 50 %.

Ef þú hefur innifalið umönnunarbótaþátt eða barnalífeyrisþátt greiðum við engar tryggingarbætur úr þeim þætti ef þú hefur nýtt þér þann möguleika að breyta umönnunarbótaþættinum eða barnalífeyrisþættinum í starfsörorkubótaþátt.

(2) Tilkall til starfsörorkubóta verður til við lok mánaðarins þegar starfsörorkan kom til.

(3) Tryggingarverndin úr tímabundnu iðgjaldsfríu starfsörorkubótunum gildir um allan heim.

§ 2 Hvað er starfsörorka í skilningi þessara skilmála?

(1) Full starfsörorka er fyrir hendi þegar vænta má að hinn tryggði verði ófær um að sinna starfi sínu fyrirsjáanlega í að minnsta kosti Takmörkun bótaskyldunnar samkvæmt f) og g) fellur þó niður ef um afmarkaðan atburð í tíma og rúmi er að ræða, þar sem ekki látast fleiri en 1.000 manns beint eða fyrirsjáanlega óbeint innan fimm ára frá atburðinum eða muni hljóta varanlegt alvarlegt heilsutjón. Skilyrðin fyrir því að takmörkun bótaskyldunnar falli niður skal óháður matsmaður sannreyna og staðfesta.

3 ár vegna sjúkdóms, líkamsáverka eða orkumissis umfram það sem vænta má af aldri hans, sem sanna skal með læknisvottorði, og sinnir heldur engri annarri iðju sem samsvarar fyrri stöðu hans í lífinu. Staða hans í lífinu markast af launatekjunum og samfélagslegri virðingu starfsins.

Við sannprófun starfsörorku er fyrst og fremst miðað við starfið eins og því var gegnt síðast áður en til heilsubreysts kom. Ef hinn tryggði hefur skipt um starf sökum veikinda vegna versnandi sjúkdóms eða orkumissis umfram það sem vænta má af aldri hans, skal við mat þess hvort starfsörorka sé fyrir hendi miða við starfið sem gegnt var þegar veikindin hófust.

Hjá sjálfstæðum atvinnurekendum er það að auki forsenda fullrar starfsörorku í skilningi tölulíðar 1 að hinn tryggði sé einnig eftir sanngjarna endurskipulagningu fyrirtækisins ófær um að gegna starfi sínu. Sanngjörn er endurskipulagning aðeins ef hinn tryggði heldur áfram skynsamlegu verksviði og staða hans í lífinu sem fyrirtækiseiganda er tryggð. Endurskipulagningin verður að vera fjárhagslega hagkvæm og má ekki krefjast umtalsverðra fjármuna.

Starfsörorka að hluta er fyrir hendi þegar vænta má að umrædd skilyrði verði fyrirsjáanlega aðeins uppfyllt í tilteknum mæli í að minnsta kosti 3 ár.

(2) Hætti hinn tryggði störfum og verði seinna sótt um bætur vegna starfsörorku ræðst beiting tölulíðar 1 af því að hinn tryggði sé ófær um að sinna iðju sem hægt er að sinna með kunnáttu hans og hæfileikum og samsvarar stöðu hans í lífinu þegar hann hætti störfum. Það telst ekki að hætta störfum ef aðeins er um að ræða tímabundið hlé frá störfum (t.d. vegna mæðraverndar, lögbundins foreldraorlofs, atvinnuleysis, samfélags- eða grunnherþjónustu).

§ 3 Í hvaða tilvikum er tryggingarvernd útilokuð?

(1) Grundvallarreglan er að bótaskylda okkar gildir óháð því hvaða ástæður valda bótamálinu. (2) Við greiðum þó ekki bætur ef starfsörorkan er til komin:

a) vegna óeirða innanlands, ef hinn tryggði hefur tekið þátt í þeim sem fylgjandi þeirra er stofnuðu til óeirðanna;

b) beint eða óbeint af völdum stríðsatvika. Við greiðum þó bætur ef starfsörorkan kom til meðan hinn tryggði dvaldi utan Sambandslýðveldisins Þýskalands og hann tók ekki virkan þátt í stríðsatvikunum;

c) vegna þess að hinn tryggði fremur glæp eða afbrot af ráðnum hug eða gerir refsiverða tilraun til þess;

d) vegna sjúkdóms eða orkumissis umfram það sem vænta má af aldri hans sem valdið er af ásettu ráði, sjálfsáverka af ásettu ráði eða tilraunar til sjálfsvígs. Í þessum tilvikum gildir tryggingarverndin því aðeins ef okkur er sannað að verknaðurinn hafi verið framin í sjúklega trufluðu andlegu ástandi sem útiloki frjálsar viljaákvæðanir eða undir álagi alvarlegra líkamlegra þjáninga;

e) beint eða óbeint vegna vísitandi beitingar kjarna-, sýkla- eða efnavopna eða vísitandi notkunar eða vísitandi losunar geislavirkra, líffræðilegra eða kemískra efna ef markmiðið með notkuninni eða losuninni er að stofna lífi fjölda manns í hættu.

§ 4 Hvaða samstarfsskyldur skal uppfylla þegar krafist er bóta vegna starfsörorku?

(1) Ef krafist er bóta úr tímabundnu iðgjaldsfríu starfsörorkubótunum skal þegar í stað afhenda okkur á kostnað þess sem bótanna krefst eftirfarandi gögn:

a) lýsingu á ástæðu þess að starfsörorka hefist;

b) ítarlega skýrslu lækna, sem sinna hinum tryggða núna eða hafa sinnt honum og rannsakað hann, um ástæðu, byrjun, eðli, framvindu og fyrirsjáanlega tímalengd sjúkdómsins og einnig um áhrif hans á starfsörorkuna;

c) gögn um starf hins tryggða, gögn um starf hins tryggða, stöðu hans og iðju þegar starfsörorkan byrjaði og um breytingar sem orðnar eru.

(2) Við getum einnig – þá reyndar á okkar kostnað – krafist frekari rannsókna lækna og annarra sérfræðinga í umboði okkar og einnig nauðsynlegra sönnunargagna – einnig um fjárhagslega stöðu og breytingar á henni – einkum viðbótarupplýsinga og skýringa. Hinn tryggði skal veita læknum, sjúkrahúsum og öðrum heilbrigðisstofnunum, þar sem hann hefur verið eða mun verða í meðferð, og einnig sérfræðingum, öðrum einstaklingstryggjendum og yfirvöldum heimild til að veita okkur upplýsingar sé þess óskað. Ef hinn tryggði dvelst í útlöndum getum við krafist þess að nauðsynlegar lækni-rannsóknir fari fram í Sambandslýðveldinu Þýskalandi. Í því tilviki greiðum við rannsóknarkostnaðinn en þó ekki ferða- og dvalarkostnaðinn.

§ 5 Hvenær gefum við út yfirlýsingu um bótaskyldu okkar?

Eftir athugun gagnanna sem okkur voru afhent og við höfum aflað lýsum við yfir því skriflega hvort og í hvaða mæli og frá hvaða tíma við viðurkennum bótaskyldu. Við höfum gagngert möguleika á tímabundinni viðurkenningu.

§ 6 Hvað gildir um eftirlit með starfsörorku?

(1) Eftir viðurkenningu eða ákvörðun bótaskyldu okkar höfum við rétt til þess að kanna áframhald starfsörorkunnar og örorkustigið. Þá getum við kannað á ný hvort hinn tryggði sinnir annarri iðju í skilningi § 2, töluliðar 1.

(2) Til eftirlits getum við hvenær sem er á okkar kostnað krafist upplýsinga sem málið varða og einu sinni á ári viðtækra rannsókna á hinum tryggða hjá læknum í umboði okkar. Ákvæði § 4, töluliðar 2, gilda eftir því sem við á. Skerðing starfsörorkunnar og byrjun starfs að nýju eða breytingar á starfi

verður þú að tilkynna okkur tafarlaust. Ef við komumst að þeirri niðurstöðu að forsendur fyrir bótaskyldu okkar í skilningi § 1 og 2, séu ekki lengur fyrir hendi, erum við laus undan bótaskyldunni, ef við gerum grein fyrir breytingunni skriflega. Greiðslum okkar lýkur að afloknum þriðja mánuði frá því að þér barst yfirlýsing okkar.

§ 7 Hvað gildir ef brotið er gegn samstarfsskyldum eftir byrjun starfsörorku?

Svo lengi sem þú, hinn tryggði eða kröfuhafinn uppfyllir ekki samstarfsskyldu samkvæmt § 4 eða § 6 af ásettu ráði erum við laus undan bótaskyldu. Við brot gegn samstarfsskyldu af vítaverðu gáleysi höfum við heimild til að lækka bæturnar í réttu hlutfalli við brotið. Þetta gildir ekki ef þú sannar fyrir okkur að þú hafir ekki brotið samstarfsskylduna af vítaverðu gáleysi. Kröfur úr tímabundnu iðgjaldsfríu starfsörorkubótunum gilda þó áfram að svo miklu leyti sem brotið hefur ekki áhrif á ákvörðun eða umfang bótaskyldu okkar. Ef samstarfsskyldan er uppfyllt seinna erum við bótaskyld frá byrjun þess mánaðar samkvæmt þessum skilmálum. Við losnum því aðeins að öllu leyti eða að hluta til undan bótaskyldunni, ef við höfum tilkynnt þér sérstaklega um þessi réttaráhrif skriflega.

§ 8 Hvað gildir um iðgjaldsundanþágu?

Ef þú gerir tryggingu þína iðgjaldsfría og hinn tryggði er ekki starfsöryrki þegar tryggingin verður iðgjaldsfrí, falla tímabundnu iðgjaldsfríu starfsörorkubæturnar niður. Bætur koma ekki til greiðslu.

Iðgjaldsundanþága hefur ekki áhrif á viðurkenndar eða ákvarðaðar kröfur.

§ 9 Hvað gildir þegar tryggingin rennur út?

Ef trygging þín fellur úr gildi og hinn tryggði er ekki starfsöryrki við gildislok hennar falla tímabundnu iðgjaldsfríu starfsörorkubæturnar einnig úr gildi. Bætur koma ekki til greiðslu.

Gildislok hafa ekki áhrif á viðurkenndar eða ákvarðaðar kröfur